

Menningarsjóður Akureyrarbæjar

-

Úthlutunar- og vinnureglur

Bæjarráð Akureyrarbæjar sem jafnframt er sjóðsstjórn endurskoðar og fer yfir úthlutunar- og vinnureglur þessar að lágmarki á tveggja ára fresti.

1. gr.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Menningarsjóði í nóvembermánuði ár hvert og er umsóknarfresturinn að lágmarki þrjár vikur. Sótt er um í rafrænni þjónustugátt Akureyrarbæjar sem hægt er að opna á heimasíðu sveitarfélagsins. Heimilt er að auglýsa aukaúthlutun ef fjárheimildir leyfa. Fjárhæð þeirra styrkja sem í boði eru fara eftir heimildum Menningarsjóðs í fjárhagsáætlun hverju sinni og hve hátt hlutfall þeirra er bundið samstarfssamningum. Miða skal við að sem jafnast hlutfall sé milli þeirra fjármuna sem bundnir eru í samstarfssamningum og þess sem veitt er í árlega verkefnastyrki. Í styrkumsóknum skal þess getið hvernig verkefnið tengist menningarlífi í sveitarfélaginu Akureyrarbæ.

2. gr.

Samstarfssamningar eru einungis gerðir við skráð félagasamtök. Árleg upphæð hvers samstarfssamnings getur verið allt að 400.000 kr. og samningstími tvö til þrjú ár. Upphæðir verkefnastyrkja gera verið á bilinu 80.000 - 400.000 kr. og geta bæði skráð félagasamtök og lögráða einstaklingar sótt um. Að jafnaði getur hver umsækjandi að hámarki hlotið einn veittan styrk í hverju úthlutunarferli Menningarsjóðs.

3. gr.

Forstöðumaður atvinnu- og menningarmála og verkefnastjóri menningarmála geta í sameiningu afgreitt styrki allt að kr. 100.000. Um er að ræða annars vegar verkefnastyrki sem metnir eru út frá mælikvörðunum sem fram koma í 6. grein og ferðastyrki til listamanna til að fremja eða sýna list sína. Ferðastyrkur v/ listviðburðar innanlands nemi 25 þús. og styrkur vegna ferðar til útlanda nemi 50 þús. Hver listamaður getur einungis fengið einn tilfallandi styrk skv. 3. gr. á ári að því gefnu að viðkomandi hafi ekki áður fengið styrk úr Menningarsjóði á sama úthlutunarári skv. 2. gr. Forstöðumaður gerir stjórn ársfjórðungslega grein fyrir þeim styrkjum sem afgreiddir hafa verið.

4. gr.

Menningarsjóður Akureyrarbæjar styður ekki við hefðbundin stofn- og rekstrarkostnað, útgáfu, kaup á munum og skráningu gagna. Jafnframt styrkir sjóðurinn ekki verkefni sem eru langt komin eða lokið þegar úthlutun fer fram í febrúarmánuði. Menningarsjóður styrkir ekki aðrar stofnanir Akureyrarbæjar eða stofnanir og fyrirtæki sem njóta fyrir verulegra styrkja til reksturs frá Akureyrarbæ.

5. gr.

Styrkþegum ber að skila lokaskýrslu um árangur verkefnis en þeim skal ljúka sama ár og styrkveiting fer fram. Ef reikningur berst ekki á framkvæmdaári telst styrkurinn afþakkaður.

6. gr.

Við mat á umsóknum skulu Menningarstefna Akureyrarbæjar og reglur Akureyrarbæjar um styrki vera höfð til hliðsjónar.

Jafnframt er umsækjendum bent á mikilvægi neðangreindra þátta við mat á umsóknum:

- A. Lýsing og markmið verkefnisins.
- B. Kostnaðar- og tímaáætlun verkefnisins.
- C. Menningarlegt gildi fyrir sveitarfélagið Akureyrarbæ.
- D. Sérstaða verkefnis.
- E. Nýnæmi verkefnis.
- F. Felur verkefnið í sér frumsköpun.
- G. Veitir verkefnið frumflutningi brautargengi.
- H. Leiðir verkefnið til aukinnar mannréttinda- og umhverfisvitundar.
- I. Áherslur bæjarráðs hverju sinni.

Ef liður A, B eða C er metinn ófullnægjandi telst umsóknin sjálfkrafa ógild.

Samþykkt í bæjarráði Akureyrarbæjar 26. október 2023